

Skýrsla stjórnar Hundaræktarfélags Íslands

starfsárið 2013–2014

Lesin upp á aðalfundi 15. maí 2014

Hér verður gerð grein fyrir margþættri starfsemi félagsins og þeim erindum sem stjórn hefur fjallað um á starfsárinu.

Aðalfundur 2013, stjórnar-,fulltrúaráðs- og félagsfundir.

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík þann 29. maí 2013. Mættir voru 79 félagsmenn í Reykjavík. Svæðafélag Akureyrar sá sér ekki fært að sjá um hluta aðalfundar í gegnum fjarfundabúnað eins og síðustu tvo aðalfundi.

Arinbjörn Friðriksson og Herdís Hallmarsdóttir voru kjörin í stjórn og Brynja Tomer í varastjórn.

Stjórn er þannig skipuð:

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður

Herdís Hallmarsdóttir, varaformaður

Delia Howser, gjaldkeri

Arinbjörn Friðriksson

Ólafur E. Jóhannsson

Guðmundur A. Guðmundsson og Brynja Tomer í varastjórn

Stjórn hefur komið saman til fundar 14 sinnum á starfsárinu.

Tveir fulltrúaráðsfundir voru haldnir á starfsárinu, 26. nóvember 2013 og 30. apríl 2014.

Aukafélagsfundur var haldinn 11. september 2013.

Skrifstofa

Auk skrifstofu er húsnæði félagsins notað til ársfunda og almennra funda deilda, fulltrúaráðsfunda, fyrirlestra og bóklegar kennslu í Hundaskólanum. Þrír starfsmenn eru á skrifstofu, þær Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri og Klara Á. Símonardóttir, báðar í fullu starfi auk Kristlaugar Elínar Gunnlaugsdóttur í 60% starfi.

Opnunartími skrifstofu er alla virka daga frá kl. 10:00 til 15:00.

Þann 20. september var tekin í gagnið ný vefsíða HRFÍ. Allar uppfærslur eru nú mun auðveldari ásamt því að bjóða upp á mun fleiri möguleika. Hægt verður að setja inn myndbönd og einnig verður hægt að tengja fleiri tegundir skjala við síðuna. Fréttaveitan er svo tengd við Facebook-síðu félagsins. Nokkrar nýjar undirsíður hafa verið settar inn, t.d. um námskeið, sem félagið býður upp á. Gjaldskráin hefur verið gerð læsilegri og sett hefur verið inn undirsíða sem heldur utan um þær vörur sem eru til sölu hjá HRFÍ. Einnig var tekið í gagnið nýtt póstlistakerfi.

Frá apríl sl. er félagsmönnum með kredikort boðið staðgreiðslulán fyrir hærri upphæðir en 20.000 kr. Hægt er að dreifa greiðslum á allt að þrjú mánuði. Er þetta liður í því að koma á mótis við félagsmenn í stærri útgjöldum, svo sem skráningu gota, skráningagjöldum á sýningar, augnskoðskoðunum og fleira.

Á fulltrúaráðsfundi 30. apríl sl. kynnti framkvæmdastjóri að verið væri að setja í loftið nýja heimasíðu, sambærilega við síður sem bæði The Kennel Club og SKK eru með. Tilgangur með síðunni er að auðvelda fólki að finna sér hreinræktaðan hund. Heimasíðan er í raun tilbúin, en ennþá er verið að safna efni inn á hana. Vonast er eftir að hún verði opnuð fljótlega eftir aðalfund. Hugmyndin er að ræktendur geti auglýst got sín gegn greiðslu, sem stendur undir kostnaði skrifstofu við vinnuna. Þetta verður kynnt þegar nær dregur.

Starfsmenn skrifstofu ásamt framkvæmdastjóra hafa komið á ýmsum breytingum til hagsbóta fyrir félagið og félagsmenn. Framkvæmdastjóra hefur tekist með útsjónarsemi og aðhaldi að hagræða á ýmsum sviðum í starfi félagsins sem sést á viðsnúningi á tölum í ársreikningi milli ára.

Nýjar grundvallarreglur HRFÍ taka gildi 1. júní nk.

Eftir fulltrúaráðsfund 31. október 2012 kom breytingartillaga frá Vilhjálmi Ólafssyni á grundvallarreglum HRFÍ vegna meiðandi netskrifa.

Samþykkt var á stjórnarfundi 21. nóvember 2012 að endurskoða grundvallarreglur HRFÍ í heild sinni, m.a. með tilliti til breytinga á grundvallarreglum hjá SKK, sem við höfum jafnan haft til fyrirmyndar. Varðandi breytingartillögur stjórnar var leitað álits Ingibjargar Björnsdóttur hdl. varðandi skoðun- og tjáningarfrelsi vegna breytingar á gr.1.2. Einnig var leitað álits FCI, Astrid Indrebø varðandi gr.2.4 og álits Vísindanefndar HRFÍ á gr.2.4 og 2.7. Kynning á nýsamþykktum grundvallarreglum var á fulltrúaráðsfundi 30. apríl sl.

Skráningar

Almennt er lítil breyting í skráningum í margþættri starfssemi félagsins milli áranna 2012 og 2013. Félagsmönnum fækkar á milli ára um 3%. Ættbókarskráning stendur í stað en gotum fjölga um 2% á milli ára. Augnskoðun hunda hefur aukist um 3% og innfluttum hundum hefur fjölgað um 41%. FCI samþykkti 31 ræktunarnafn á starfsárinu sem er tæplega 11% færri en árið á undan. Skráning á „all breed“ hundasýningar HRFÍ jókst um 4%. Átta deildarsýningar voru haldnar á árinu 2013 á móti einni 2012. Þátttakendum á námskeiðum í hundafimi og hundaskólanum hefur fækkað. Í hundafimi um 30% og hundaskólanum um 13%. Skráningum á veiðipróf hefur fjölgað um 12% á milli ára.

Tafla með tölum úr bókhaldi árin 2012 og 2013

	2012	2013	frávik	%
Hvolpar	1147	1148	1	0
Got	255	260	5	2
Meistarastigssýningar (allar teg)	1	1	0	0
Alþjóðlegar sýningar (allar teg)	3	3	0	0
Deildarsýningar	1	8	7	700
Sýningadómarar	2	3	1	50
Félagsmenn	2118	2051	-67	-3
Deildir	30	30	0	0
Skráðir hundar á árinu	1203	1233	30	2
Skráðir hundar alls frá upphafi ca	16500	17696	1196	7
Augnskoðaðir hundar	590	607	17	3
Sýndir hundar (allar sýn)	2939	3508	569	19
Sýndir hundar (all breed sýningar)	2874	2989	115	4
Sýndir hundar (deildarsýningar)	65	446	381	586
Sýndir hundar (hvolpasýningar)	0	73	73	
Nýjar tegundir á árinu	2	4	2	100
Innfluttir hundar	56	79	23	41
HD myndir (alls)	143	148	5	3
AD myndir (alls)	66	64	-2	-3
HD myndir(sent í gegnum HRFÍ)	80	70	-10	-13
AD myndir (sent í gegnum HRFÍ)	46	32	-14	-30
Ræktunarnöfn	35	31	-4	-11
Vinnupróf/skapgerðarmat	76	62	-14	-18
Veiðipróf tegundahópur 7 & 8	409	458	49	12
Námskeið Hundafimi	27	19	-8	-30
Námskeið Hundaskóli	91	77	-14	-15

Augnskoðanir

Tvær augnskoðanir voru á starfsárinu, báðar í Reykjavík, sem danski dýralæknirinn Finn Boserup sá um.

Sámur

Útgáfumánuðir Sáms eru í apríl, ágúst og um mánaðamótin nóvember/desember. Auður Sif Sigurgeirsdóttir er ritstjóri Sáms og sér jafnframt um að prófarkalesa blaðið. Í sparnaðarskyni var broti Sáms breytt árið 2012. Blaðið var minnkað án þess það kæmi niður á innihaldi og gæðum. Á síðasta ári var gripið til enn frekari sparnaðaraðgerða. Á aukafélagsfundi 11. september -var lögð fram tillaga frá stjórn HRFÍ um að gefa tvö næstu blöð út sem vefblað til reynslu.

Neðangreind tillaga stjórnar HRFÍ var borin upp á fundinum og samþykkt:

„Fundurinn samþykkir að félagsblað HRFÍ, Sámur, verði til reynslu gefið út sem veftímarit og aðgengilegt á heimasíðu félagsins sem pdf-skjal. Á næsta aðalfundi HRFÍ verði útgáfuform blaðsins aftur til umfjöllunar og ákvörðun þar að lútandi borin undir atkvæði félagsmanna.“

Fer sú umfjöllun fram undir liðnum „önnur mál“ á aðalfundiunum.

Hundaskólinn

Hundaskólinn hefur haldið námskeið í bílageymslu í Firði í Hafnarfirði, í Keflavík og í ýmsum reiðskemmum á stór-Reykjavíkursvæðinu. Einnig hefur kennsla farið fram utanhúss yfir sumartímann. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda, einnig er boðið upp á hundafimi. Kennarar Hundaskólans eru sem fyrr þær Valgerður Júlíusdóttir og Sigríður Bílddal. Anna Birna Björnsdóttir kennir á hundafiminámskeiðum.

Skapgerðarmat

Í febrúar 2011 felldi stjórn HRFÍ niður kröfur um skapgerðarmat hjá þeim tegundum þar sem þess er krafist vegna ónógs framboðs af skapgerðarmötum. 16 hundar fóru í skapgerðarmat, sem var haldið þrisvar árið 2013; í maí, júní og september.

Vinnu- og veiðipróf

Vinnuhundadeild hélt á starfsárinu sjö próf í bronsmerki hlýðni og hlýðni I, tvö próf í spori I, eitt próf í spori II og tvö próf í spori III.

Samkvæmt ársskýrslu Íþróttadeildar voru haldin fimm námskeið á starfsárinu í samvinnu við Hundaskóla HRFÍ. Einnig voru á starfsárinu haldin þrjú hundafimimót.

Samkvæmt ársskýrslu Fuglahundadeildar voru haldin sjö veiðipróf á vegum deildarinnar á starfsárinu, þar af eitt sækipróf. 113 skráningar voru í þessi próf sem er 27 skráningum færra en fyrra starfsár.

Samkvæmt ársskýrslu Vorstehdeildar voru haldin tvö veiðipróf á vegum deildarinnar á starfsárinu. 70 skráningar voru í þessi tvö próf.

| 27 hundar með 42 skráningar tóku þátt í veiðiprófi Írsk setterdeildar 25.- 27. apríl sl.

Samkvæmt ársskýrslu Retrieverdeildar voru haldin tólf veiðipróf á vegum deildarinnar á starfsárinu. Voru 190 retrieverhundar skráðir í þessi próf.

| Fjár- og hjarðhundadeild stóð fyrir smalaeðlisprófi, sem haldið var að Skála í Grímsnesi í nóvember.

Úrslitum og niðurstöðum úr vinnu- og veiðiprófum eru gerð góð skil á vefsíðum viðkomandi deilda.

Endurskoðaðar veiðiprófsreglur fyrir tegundahóp 7 tóku gildi 1. janúar sl.

Endurskoðaðar veiðiprófsreglur fyrir tegundahóp 8 taka gildi 1. júní nk.

Sýningar

Þrjár sýningar voru haldnar á vegum HRFÍ á starfsárinu 29. maí 2013 – 15. maí 2014:

- Meistarasýning HRFÍ 7.-8. september 2013. 719 hundar af 86 tegundum voru skráðir auk 22 ungra sýnenda.
- Alþjóðleg sýning HRFÍ 16.-17. nóvember 2013. 744 hundar af 83 tegundum voru skráðir auk 26 ungra sýnenda.
- Alþjóðleg sýning HRFÍ 22.-23. febrúar 2014. 802 hundar af 86 tegundum voru skráðir auk 26 ungra sýnenda.

| Samtals eru skráningar á þessar þrjár sýningar 2265 hundar -og 74 skráningar í keppni ungra sýnenda.

Allar „all breed“ sýningar HRFÍ voru haldnar að Klettagörðum 6 eins og fyrra starfsár. Þar sem búið er að selja Klettagarða þurfum við að leita að nýju sýningarhúsnæði fyrir haustsýninguna. Lilju Dóru

Halldórsdóttur eru færðar sérstakar þakkir félagsins fyrir gjaldfrjáls afnot af þessu glæsilega húsnæði.

Tvær hvolpasýningar voru á vegum félagsins á starfsárinu. Fyrri sýningin var haldin utandyra á svæði Fáks í Víðidal 23. júní. 73 hvolpar voru skráðir á sýninguna. Seinni sýningin var haldin laugardaginn 25. janúar í húsakynnum Gæludýr.is á Korputorgi. 121 hvolpur var skráður á sýninguna. Dómaranemar HRFÍ dæmdu á þessum sýningum. Aðalstyrktaraðili var Dýrheimar umboðsaðili Royal Canin. Kostnaður félagsins vegna þessara viðburða er mjög lítill en bæði dómaranemar og hvolpar fá góða þjálfun fyrir framtíðina.

Á síðustu sýningu ársins 2013 voru heiðraðir afreks- og þjónustuhundar, stigahæsti hundur og öldungur ársins.

Afrekshundur ársins 2013 er Stefstells Skróður, íslenskur fjárhundur í eigu Vigdísar Elmu Cates
Þjónustuhundur ársins 2013 er Exo, labrador retriever í eigu Svanhildar Önnu Sveinsdóttur.

Stigahæstu hundar ársins 2013 eru:

RW-13 ISCH Ryslip Celtic Tiger at Craigykor – Welsh corgi pembroke með 32 stig
RW-13 Sundsdal's Wee Kind Of Magic – Dachshund, miniature, snögghærður með 32 stig.

Stigahæsti öldungur ársins 2013 er:

C.I.B. ISCh Anyka Bootylicious Babe – Siberian husky með 47 stig.

Úrslit sýninga HRFÍ og umfjöllun um afreks- og þjónustuhund ársins eru birt á vefsíðu HRFÍ og jafnframt gerð góð skil í Sámi.

Deildarsýningar

Sjö deildir voru með deildarsýningar á starfsárinu. Það eru Retrieverdeild, DÍF, Schäferdeild, Papillon- og phaléneideild, Schnauzerdeild, Fjár- og hjarðhundadeild og Cavalierdeild.

Unglingadeild

Stigahæsti sýnandi ársins 2013 í yngri flokki er Sigrún Sandra Valdimarsdóttir

Stigahæstu ungu sýnendur ársins 2013 í eldri flokki eru: 1. sæti Theodóra Róbertsdóttir, 2. sæti Hilda Björk Friðriksdóttir, 3. sæti Erna Sigríður Ómarsdóttir, 4. sæti Jóhanna Líf Halldórsdóttir. Theodóra keppti fyrir hönd HRFÍ á Crufts í mars 2014 og var valin í 10 manna úrslit. Hilda Björk Friðriksdóttir keppir á heimssýningunni í Finnlandi í júlí nk. Ekki er ljóst hver keppir á Evrópusýningunni þar sem báðar stúlkurnar í 3. og 4. sæti eru komnar yfir hámarksaldur keppenda. Allar þessar fjórar stúlkur kepptu fyrir hönd HRFÍ á Nordic Winner Show í Helsinki, Finnlandi 14. desember sl. Með þeim í för var Auður Sif Sigurgeirsdóttir fararstjóri og þjálfari liðsins. Að þessu sinni lentu þær ekki í sæti í liðakeppninni en tvær þeirra fóru í 10 manna einstaklingsúrslit og endaði síðan Erna Sigríður Ómarsdóttir í 3. sæti. Þær stóðu sig vel að venju og voru félaginu til mikils sóma. Starfi Unglingadeildar er gerð góð skil á vefsíðu Unglingadeildar. Aðalstyrktaraðili Unglingadeildar er Dýrheimar/Royal Canin sem hefur stutt vel við starf deildarinnar í mörg ár.

Fyrirlestrar og námskeið

Þann 9. september hélt Frank Kane, sýningadómari frá Bretlandi, fyrirlestur í húsakynnum HRFÍ um byggingu og hreyfingu hunda, Conformation and movement.

Námskeið fyrir hringstjóra/ritara var haldið í janúar 2014 í umsjón Þorsteins Thorsteinsonar.

Sólheimakot

Í janúar sl. samþykkti stjórn reglugerð um viðhald og endurbætur Sólheimakots og skipaði fimm félagsmenn, sem höfðu gefið kost á sér, í Sólheimakotsnefnd. 25. febrúar sl. fór framkvæmdastjóri HRFÍ ásamt nefndarmönnum á fund með fulltrúum Mosfellsbæjar. Niðurstaða fundarins var að fulltrúar beggja aðila skoðuðu húsakynni í Sólheimakoti og kæmu með tillögur að úrbótum. Fulltrúar Mosfellsbæjar sjá því ekkert til fyrirstöðu að félagið hafi áfram umráð yfir kotinu ef eðlilegar úrbætur fara fram á íbúðarhúsinu. Þeir eru tilbúnir að skoða lengri leigusamning við félagið. Sólheimakotsnefnd hefur nú þegar tekið til starfa. Þer að fagna því að loksins skuli hafa tekist að koma á laggirnar nefnd sem ætlar að láta til sín taka.

Erlent samstarf

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu FCI Evrópudeildarfund í Genf í byrjun september.

NKU fundur var haldinn í Reykjavík 8. október.

HRFÍ var með kynningarbás á Nordic Winner Show í Helsinki í Finnlandi 13. og 14. desember ásamt öllum NKU hundaræktarfélagunum á svokölluðu Norðurlandatorgi. Vel tókst til og komu margir á kynningarbás félagsins. Fríður Esther Pétursdóttir framkvæmdastjóri stóð vaktina á kynningarbás félagsins.

Ekki voru sendir fulltrúar á NKU fund í febrúar sl.

Fundur um samræmingu á BSI (Breed Specific Instructions) varðandi ýkt útlit á hundum var haldinn í Helsinki 27. júní 2012 með fulltrúum allra NKU hundaræktarfélaganna. Á fundinum var unnin tillaga, byggð á vinnu NKU BSI group. Var tillagan lögð fyrir næsta NKU fund til samþykktar. Komin er endanleg útgáfa á Breed Specific Instructions (BSI). Lagt er til að bæklingur verði sendur dómurum sem dæma á sýningum okkar og bent á að setja prenvæna útgáfu á vefsíðu HRFÍ fyrir aðra til útprentunar og upplýsinga.

Í tilefni 100 ára afmælis FCI gáfu NKU hundaræktarfélagin FCI málverk með einum þjóðarhundi hvers lands. Ákveðið var í framhaldinu að þessi mynd myndi prýða Norðurlandameistaraskjöl NKU félaganna. Þetta skjal hefur nú verið tekið í notkun.

Eftir NKU fund formanns í febrúar 2013 í Svíþjóð náðust samningar milli SKK og HRFÍ þess efnis að SKK tekur að sér að lesa úr mjaðma- og olnbogamyndum fyrir HRFÍ. Þetta samstarf hófst sl. haust og hefur í

för með sér bæði skjótari þjónustu og lægra gjald fyrir félagsmenn. Eftir sem áður er hægt að senda myndir til Bandaríkjanna.

Erindi frá formanni FCI -barst félaginu í nóvember um að taka þátt í gæðakönnun fyrir FCI. Stjórn vann sameiginlega að gæðakönnuninni um áherslur HRFÍ í ýmsum málum er snúa að starfsemi FCI.

Framkvæmdastjóri Hundaræktafélagsins hefur gert samning við The Kennel Club um að ein sýning á ári verði Crufts qualification sýning. -Það þýðir -að bestu ungliðar og bestu hundar tegundar af báðum kynjum í hverri tegund öðlast rétt til að keppa á Crufts. Sýningastjórn hefur ákveðið að þessi sýning verði ágúst/septembersýning félagsins.

Uppskeruhátíð HRFÍ

Vel heppnuð uppskeruhátíð HRFÍ var haldin að kvöldi hvolpasýningardagsins 25. janúar sl. í félagsheimili Fáks. Með því móti vildi félagið koma til móts við landsbyggðarfélagsmenn, sem gátu nýtt ferðina og tekið þátt í báðum viðburðunum. Aðgöngumiðar á hátíðina, sem var með svipuðu sniði og fyrri ár, seldust upp. Að þessu sinni sáu kjarnakonurnar Sigrún Vilbergsdóttir og Jóna Karlotta Herbertsdóttir um glæsilegt hlaðborð. Framkvæmdastjóri HRFÍ, Fríður Esther Pétursdóttir, Guðný Vala Tryggvadóttir og Sirry Halla Stefánsdóttir ásamt nokkrum félagsmönnum söfnuðu fjölda happdrættisvinninga og seldust happdrættismiðar upp. Veislustjórar voru Daníel Örn Hinriksson og og Sóley Halla Möller. Hin eldhressa Helga Braga mætti á svæðið og brást ekki bogalistin. DJ var Theodóra Róbertsdóttir og félagar.

Stigahæstu ræktendur HRFÍ árið 2013 voru heiðraðir á hátíðinni:

1. sæti: Heimsendaræktun - Lára Birgisdóttir/Björn Ólafsson með 64 stig
2. sæti: Sankti- Iceræktun – Guðný Vala Tryggvadóttir með 49 stig
3. sæti: Miðnæturæktun - Stefán Arnarson með 47 stig

Stigahæsti ræktandinn fékk afhentan farandbikar frá HRFÍ. Allir fengu til eignar viðurkenningarskjöld frá HRFÍ og blómvönd frá Garðheimum.

Baráttumál/kynningar/samstarf

Stjórn sendi bréf til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis í desember sl. vegna ábendinga frá tveimur félagsmönnum varðandi ákvæði í hundasamþykktum sveitarfélaga. Ákvæðið fjallar um tilgreindan hámarksfjölda hunda á heimili, ýmist tvo eða þrjá, misjafnt milli sveitarfélaga. Þrátt fyrir ítrekanir hefur svar ekki enn borist frá ráðuneytinu.

Laugardaginn 5. október -stóð Hundaræktarfélag Íslands -fyrir árlegri göngu með hunda niður Laugavegin í Reykjavík.

Deildarstjóri fræðsludeildar Fjölskyldu- og húsdýragarðsins hafði samband við framkvæmdastjóra í mars sl. vegna verkefnis sem þau eru að fara af stað með í samvinnu við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur (SFS). Hugmyndin er að kenna börnum að umgangast hunda til að koma í veg fyrir slys. Litið er til vinnu sem unnin hefur verið á Akranesi þar sem hundapjálfi hefur mætt í leikskóla með hunda til að kenna krökkunum að umgangast hunda rétt og þannig koma í veg fyrir bit og önnur slys. Húsdýragarðurinn og SFS hafa gert með sér samstarfssamning. Skv. honum gefst nemendum í grunn- og leikskólum tækifæri til að kynna þeim ýmsu dýrum sem búa í garðinum. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn hefur óskað eftir samstarfi við félagið um þetta verkefni, og er hugmyndin að vera með námskeið í garðinum á skólatíma leikskóla og jafnvel í grunnskólum. Framkvæmdastjóri fylgir þessu áhugaverða máli eftir.

Í desember sl. undirritaði framkvæmdastjóri endurnýjaðan samstarfssamning við VÍS. Félögin hafa um árabíl átt farsæla samleið þar sem VÍS hefur stutt með markvissum hætti við starfsemi HRFÍ.

Dýravelferð

Frumvarp til laga um velferð dýra var sent á stjórn 6. nóvember 2012. Stjórnarmenn lásu yfir frumvarpið, en höfðu ekki neinar tillögur um lagfæringar umfram það sem fyrri stjórn var búin að senda tillögur um. Löggin tóku gildi 1. janúar 2014.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði 13. maí 2013 sjö starfshópa sem falið var að gera tillögur að reglugerðum við löggin. HRFÍ átti fulltrúa, Guðmund A. Guðmundsson, í starfshópi um velferð gæludýra, sem hefur skilað tillögum til ráðuneytisins. HRFÍ fékk tillögurnar til umsagnar í lok janúar 2014. Um síðustu áramót fluttist eftirlit með lögum um dýravernd og stjórnslá vegna þeirra laga frá Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar. Reglugerðin hefur enn ekki tekið gildi.

Gæludýravegabréf – Pet passport

Ekkert hefur verið unnið í þessu baráttumáli á starfsárinu. Nokkur umræða myndaðist um einangrunarmál á fulltrúaráðsfundi 30. apríl sl. m.a. styttingu einangrunar og nauðsyn þess að HRFÍ vinni að því að fá einangrun stytta. Bent var á að skoða hvernig Nýja Sjáland eða Ástralía gerðu þetta, en einangrun hefur styst heilmikið hjá þeim. Félagsmenn hafa lýst yfir áhuga á kynningarfundi með forsvarsmönnum MAST.

Stefnumótun

Á fulltrúaráðsfundi þann 10. apríl 2013 kynnti Guðmundur A. Guðmundsson, varamaður í stjórn HRFÍ, vinnu stefnumótunarteymis. Þar fór hann yfir hvernig vinna teymisins byrjaði og helstu niðurstöður. Ekki tókst að ná félagsmönnum á fundi um framhald þessarar vinnu fyrr en 15. febrúar sl. Þar mættu 27 félagsmenn frá 19 deildum, stjórn og framkvæmdastjóri. Eftirtaldir aðilar buðu sig fram í nefnd: Arnheiður Runólfsdóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðrún Margrét Baldursdóttir, Magnús Orri Schram, Margrét Guðrún Bergsveinsdóttir, María Hjaltadóttir, Vordís Sigurþórsdóttir og Þórdís Björg Björgvinsdóttir. Nefndin hefur skilað niðurstöðu til stjórnar HRFÍ. Stjórn fagnar árangri þessa starfs sem hlotist hefur af stefnumótun og mun starfa á grundvelli niðurstöðu stefnumótunarteymis.

Dómaranám

- **Sýningadómarar**

Á febrúarsýningu félagsins voru kynntir nýir dómarar. Dómararnir eru:

Sóley Halla Möller með dómaraþttindi á:

Íslenskan fjárhund, siberian husky, pomeranian, australian shepherd og shetland sheepdog.

Sóley Ragna Ragnarsdóttir með dómaraþttindi á:

Cavalier King Charles Spaniel, Chihuahua stutthærðan, chihuahua síðhærðan, griffon belge, griffon bruxellois, japanese chin, pug, og petit brabançon.

Viktoría Jensdóttir með dómaraþttindi á:

Labrador retriever, golden retriever, enskan cocker spaniel og amerískan cocker spaniel.

2. apríl sl. var kynntur nýr dómari:

Herdís Hallmarsdóttir með dómaraþttindi á:

Australian shepherd, enskan cocker spaniel, golden retriever, íslenskan fjárhund og labrador retriever.

Ef allt gengur vel -er stutt í að fleiri sýningadómarar verði samþykktir. Samtals eru nú 14 aðilar, mislangt á veg komnir, skráðir í sýningadómaranám hjá félaginu.

- **Veiðiprófsdómarar**

Stjórn HRFÍ samþykkti 10. júní nýjan dómaranema, Kjartan Inga Lorange, fyrir retrieverpróf.

- **Hundafimidómari**

Þann 26. mars sl. veitti stjórn HRFÍ Moniku Karlsdóttur dómaraþttindi í Hundafimi.

- **Hringstjórar**

Í október staðfesti stjórn HRFÍ beiðni sýningarstjórnar um útskrift þriggja hringstjóra, sem höfðu áður lokið hringstjóranámi. Þetta eru þær Þórdís Björg Björgvinsdóttir, Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir og Guðrún Margrét Baldursdóttir.

- **Ra ehf.**

Stjórn HRFÍ mun gera grein fyrir málum Ra ehf. undir liðnum „önnur mál“ og jafnframt bera fram tillögu varðandi möguleika í húsnæðismálum félagsins, sbr. samþykkt félagsfundar þann 11. september sl.

Á döfinni

- Kynningarfundur fyrir félagsmenn um ný dýraverndarlög og reglugerð verður haldinn í haust.
- Stjórn HRFÍ hefur ákveðið að efna til kynningarfunda fyrir stjórnir ræktunardeilda m.a. til að kynna lög félagsins og starfsreglur ræktunardeilda. Það er ekki sjálfgefið að nýir félagsmenn í ræktunarstjórnnum fái nægilega kynningu til að geta sinnt trúnaðarstarfi sínu til samræmis við lög og reglur félagsins. Með þessu framtaki ættu þeir að vera betur í stakk búnir að takast á við hin ýmsu verkefni á vegum deildanna.
- Fjöldmörg vinnu- og veiðipróf hafa verið samþykkt og eru auglýst á vefsíðum viðkomandi deilda.
- Boðið verður uppá skapgerðarmat 17. og 29. maí nk.
- Augnskoðun í Reykjavík 7. og 8. júní og á Akureyri 6. júní.
Lorna Newman BVM&S Cert V Ophthal MRCVS frá Bretlandi mun augnskoða hundana.
- Tvöföld afmælisýning , Reykjavík Winner og alþjóðleg sýning, verður 21. og 22. júní.
- Hvolpasýning (3-9 mán.) verður 26. júlí.
- Augnskoðun 21.-23. ágúst. Dýralæknir Susanne Kaarsholm.
- Alþjóðlegar sýningar verða í september og nóvember og augnskoðun í nóvember samhliða sýningu.
- Árleg Laugavegsganga.

Ágætu félagsmenn

Í ár fagnar félagið 45 ára afmæli þann 4. september. Gaman væri ef félagsmenn gætu sameinast um skemmtilega uppákomu að því tilefni í tengslum við árlega Laugavegsgöngu.

Að endingu vill stjórn Hundaræktarfélags Íslands koma á framfæri þökkum til allra félagsmanna, sem lagt hafa af mörkum ómælda sjálfboðavinnu í þágu margþættrar starfssemi félagsins.